

24. október 1983

1305

Nr. 732

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31
2. febrúar 1982, með síðari breytingum, síðast 26. júlí 1983.**

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 6,90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 13,80 fyrir hvern rúmmetra vatns. Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 138,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 276,00, ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

19. október 1983

Nr. 733

REGLUGERÐ

**um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvaþjónustu í metra- og
desimetrabylgjusviðinu.**

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin (hér eftir skammstafað P og S) veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum heimild til að nota tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviðinu fyrir landfarstöðvaþjónustu.

Í landfarstöðvaþjónustunni fara fram þráðlaus fjarskipti milli fastastöðva (módur-
stöðva) og farstöðva eða milli farstöðva. Farstöðvar þær, sem hér um ræðir, eru í farartækjum á landi eða eru burðar- eða handstöðvar. Fjarskipti milli fastastöðva í tíðnisviðum farstöðvaþjónustu eru óheimil.

Bylgjusvið þau, sem hér um ræðir, ná frá 153,5 til 174 og frá 453 til 470 MHz.

2. gr.

Í landfarstöðvaþjónustunni má velja um þáttöku á bílasímaþjónustu P og S eða uppsetningu eigin lokaðra farstöðvakerfa.

B 165